UMHVERFIS STOFNUN

Háafell ehf.
Hnífsdalsbryggju
410 Hnífsdalur

Reykjavík, 1. október 2020
UST202006-069/H.S.J.
08.12.02

**Efni: Reglubundið eftirlit þann 26.8.2020, hjá Háafelli ehf.**

Þann 26. ágúst sl. fór fram eftirlit í fiskeldi Háafells ehf, Ísafjarðardjúpi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru settar fram.

Virðingarfyllst

Hulda S. Jónasd.
Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Halla Einarsd.
Halla Einarsdóttir
teymisstjóri

**Afrit:** Heilbrigðisnefnd Vestfjarða

Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
Iceland
+354 591 2000
www.ust.is

## Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

| Nafn rekstraraðila: | Dags. eftirlits: | Staðsetning stöðvar: | Brottfallinn starfsleyfisflokkur: |
|---|---|---|---|
| Háafell ehf. | 26.08.20 | Ísafjarðadjúpi | 2 |
| **Kennitala rekstraraðila:** | **Gildistími starfsleyfis:** | **Kvittun afhend:** | **Gerð stöðvar:** |
| 520199-3149 | 28.05.36 | Já. | Sjókvíaeldi á regnbogasilungi og þorski allt að 7000 tonnum |

| Starfssemi | Já / Í lagi | Nei / Ekki í lagi | Á ekki við | Athugasemdir: |
|---|---|---|---|---|
| Er umfang í samræmi við starfsleyfi? | X | | | Nýtt leyfi. Fiskur var settur út í kvíar í sumar. |
| Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti?<br>Áætlaðar breytingar? | X | | | Leyfi var afhent 3. júní sl. og tók þá gildi. |
| Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 4.1. í starfsleyfi). | X | | | Fóðurgjöf, afföll og skyggni í sjó og aðrar umhverfisupplýsingar handskráðar á eyðyblöð í vinnubát. Fært í excelskjöl eftir á. |
| Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí? | | | X | Á ekki við þar sem leyfið er nýtt. Fyrstu skil fyrir 1. maí 2021. |
| Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí? | | | X | Á ekki við þar sem leyfið er nýtt. Fyrstu skil fyrir 1. maí 2021. |
| Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar) | X | | | Áhættumat og viðbragðsáætlanir voru á staðnum í gæðahandbók.<br>Rekstraraðila er bent á að uppfæra áætlanirnar m.t.t. móttöku aðila dauðfisks og leiðbeininga Umhverfisstofnunar um tilkynningar á mengunaróhöppum eftir því sem við á. |
| Samráðsfundur?<br>Næsti fundur boðaður? | | | X | Á ekki við. |
| Er trygging vegna bráðamengunar í gildi? | X | | | Já, skírteini er í gildi. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Er neyðaráætlun til staðar? | X | | | Var í gæðahandbók. Sjá hér að ofan. |

| Umhverfi | Já / Í lagi | Nei / Ekki í lagi | Á ekki við | Athugasemdir: |
|---|---|---|---|---|
| Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi? | X | | | Umhverfismarkmið liggja fyrir. Ekki er starfað eftir umhverfisstjórnunarkerfi en markmiðið er að fá vottun líkt og ASC þegar eldið stækkar. |
| Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmyndun sé í lágmarki? | X | | | Fóðurmagn er reiknað út frá lífmassa, hitastigi og töflum frá fóðurframleiðanda. Lífmassi er ákvarðaður með þyngdar-stykkprufum á sama tíma og lúsaathugun fer fram. Blásið er af vinnubát og handgefið. |
| Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt?<br>Mælingar eða útreikningar?<br>Síðustu mælingar? | X | | | Skv. vöktunaráætlun verður losun reikuð og gögnum verður skilaði í grænu bókhaldi/útstreymisbókhaldi. |
| Hvernig er fylgst með uppsöfnun fóðurleifa – þarf að fylgjast með?<br>Er mikið af þörungablóma eða fugli í nágrenninu? | X | | | Myndavélar eru ekki notaðar við fóðrun en fylgst er með hvernig fiskur tekur. Nætur eru þrifnar á 3 vikna fresti og myndir teknar í leiðinni og kafarar skoða hvort einhver uppsöfnun er.<br>Enginn fugl sást í vettvangsferð en starfsmenn verða varir við einstaka skarf, máva og kríur. |
| Er staðsetning kvía skv. starfsleyfi? | X | | | Ein kví er úti í Álftafirði, utan við Langeyri. |
| Hver er fjöldi kvía, stærð þeirra og áætlað magn og stærð fiskjar? | X | | | Eitt svæði er í notkun, þar er 1 kví með seiðanót og fiskar u.þ.b. 170 þús. meðalþyngd 400 g.<br>Í haust verður seiðunum skipt í tvennt og þau sett í matfiskanætur. |
| Hvenær er áætluð slátrun úr kvíum? Hvar verður slátrað? Hver tekur við | X | | | Fyrstu seiði voru sett út í sjókvíaeldissvæði A í sumar, Utan við Langeyri, og 2021 verður |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| slógi? Hvenær er næsta útsetning seiða áætluð? | | | | sjókvíaeldissvæði B tekið í notkun, Bæjarhlíð.<br>Áætlað er að slátrun hefjist næsta haust. Slátrað verður í Súðavík og Klofningur tekur við slóginu. |
| Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka? | X | | | Vöktun verður skv. vöktunaráætlun. |
| Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks? | X | | | Dauðfiskur er frystur í Súðavík og farið með í kerjum til Klofnings.<br>Stórsekkir undan fóðri fara til Funa, flokkað plast og strigi.<br>Skv. rekstraraðila er rekstraúrgangur, líkt og bókhaldsgögn á pappír, tættur og komið í endurvinnslu. |
| Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi? | X | | | Náttúrustofa Vestfjarða tók sýni á svæðinu fyrir útsetningu í sumar. Niðurstöður hafa ekki enn borist. |
| Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar. | X | | | Nýtt leyfi. Fyrsta sýnataka hefur átt sér stað, hvíldarsýnataka utan við Langeyri. Niðurstöður hennar bárust stofnuninni 22. september sl. |
| Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á. | | | X | Á ekki við. |
| Næstu áætluðu mælingar? Hverjar?<br>Er það skv. starfsleyfi?<br>Hver sér um mælingarnar? | X | | | Næsta sýnataka á sjókvíaeldissvæði A er áætluð við hámarkslífmassa, 2021.<br>Grunnsýnataka verður gerð við Bæjarhlíð fyrir úsetningu þar 2021.<br>Náttúrustofa Vestfjarða sér um sýnatökuna og mælingar ásamt þriðja aðila. |

**Niðurstöður síðasta eftirlits:**

Fyrsta eftirlit Umhverfisstofnunar með leyfinu sem tók gildi í júní sl.

| | |
|---|---|
| **Samantekt:** | Nýtt leyfi til eldis á regnbogasilungi (6800 tonn) og þorski (200 tonn) í Ísafjarðardjúpi.<br><br>Sjókvíaeldissvæðin verða tekin í notkun eitt í einu næstu þrjú árin, svæði A Álftafjörður Seyðisfjörður og Skötufjörður var tekið í notkun í sumar, útsetning er áætluð í svæði B, Bæjarhlíð, árið 2021 og svæði C, Mjóifjörður og Ísafjörður árið 2022. |

**Eftirlit með fiskeldisstöð**
**Kvíaeldi**

| | |
|---|---|
| | Ekkert frávik var skráð og engin ábending gerð. |
| **Annað:** | Í eftirlitinu var kynnt áhættumat vegna tíðni eftirlits og farið yfir þá þætti sem rekstraraðili getur haft áhrif á til hækkunar eða lækkunar tíðni eftirlits.<br><br>Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar um útreikninga á losun frá fiskeldi. Leiðbeiningarnar voru kynntar í eftirlitinu og rekstraraðili hvattur til að nýta sér þær til ákvörðunar á losun í skráningum og ársskýrslum.<br><br>Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar fyrir tilkynningar um mengunaróhöpp þ.m.t. bráðamengun hafs og stranda sem rekstraraðili skal hafa til hliðsjónar við gerð viðbragðsáætlana. Leiðbeiningarnar voru kynntar í eftirlitinu og rekstraraðili skal hafa þær til hliðsjónar við gerð viðbragðsáætlunar v. mengunaróhappa.<br><br>Verkferill um förgun aukaafurða dýra og afleiddra afurða sem ekki eru ætlaðar til manneldis var einnig kynntur. |

*Undirskrift eftirlitsmanns:* Hulda S. Jónasdóttir

# EFTIRLITSSKÝRSLA

UMHVERFIS STOFNUN

**Háafell ehf Ísafjarðardjúpi**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Dags eftirlits** | 26.8.2020 | **Ábyrgðarmaður eftirlits** | Hulda Soffía Jónasdóttir |
| **Fyrirtæki** | Háafell ehf | **Eftirlitsmaður** | Hulda Soffía Jónasdóttir |
| **Heimili** | Hnífsdalsbryggju, Hnífsdal | **Tegund eftirlits** | Reglubundið |
| **Kennitala** | 5201993149 | **Flokkur** | Fiskeldi |
| **Fulltrúi fyrirtækis** | Kristján Jóakimsson | **ÍSAT nr.** | |
| **Fulltrúi fyrirtækis** | Eiríkur Ragnarsson | **Staðsetning** | |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkkert frávik var skráð í eftirlitinu og engin ábending gerð.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.
Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Farið var yfir gögn og áætlanir á skrifstofu eldisins í Súðavík og siglt út að kví til að skoða aðstæður.

Boðað umfang eftirlitisins var eftirfarandi:

- Áhættumat til ákvörðunar tíðni eftirlita
  - o Nýtt fyrir Háafell Ísafjarðardjúpi
- Farið yfir nýtt starfsleyfi,
- Útsetningar, áætluð slátrun og hvíld svæða
- Umfang
  - o Lífmassi, fjöldi kvía og meðalþyngd fisks þegar eftirlit fer fram
- Skráningar og innra eftirlit skv. gr. 4.1
- Neyðar- og viðbragðsáætlun v. rekstrarstöðvunar sbr. gr. 1.5
- Áhættumat og viðbragðsáætlun v. bráðamengunar sbr. gr. 2.5
- Viðbrögð og tilkynningar v. mengunaróhappa sbr. gr. 2.6 og 2.7
- Trygging v. bráðamengunar sbr. gr. 2.8
- Úrgangur, spilliefni og lyf
- Vöktun
- Farið út í kvíar og aðstæður skoðaðar

## ANNAÐ

Í eftirlitinu var kynnt áhættumat vegna tíðni eftirlits og farið yfir þá þætti sem rekstraraðili getur haft áhrif á til hækkunar eða lækkunar tíðni eftirlits.

Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar um útreikninga á losun frá fiskeldi. Leiðbeiningarnar voru kynntar í eftirlitinu og rekstraraðili hvattur til að nýta sér þær til ákvörðunar á losun í skráningum og ársskýrslum.

Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar fyrir tilkynningar um mengunaróhöpp þ.m.t. bráðamengun hafs og stranda sem rekstraraðili skal hafa til hliðsjónar við gerð viðbragðsáætlana. Leiðbeiningarnar voru kynntar í eftirlitinu og rekstraraðili skal hafa þær til hliðsjónar við gerð viðbragðsáætlunar v. mengunaróhappa.

Verkferill um förgun aukaafurða dýra og afleiddra afurða sem ekki eru ætlaðar til manneldis var einnig kynntur.

Reykjavík, 01.10.2020

Hulda S. Jónasdóttir

Hulda Soffía Jónasdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.